



Efni: Staða mála hjá umboðsmanni skuldara 1. janúar 2019



Embætti umboðsmanns skuldara


Hjá embætti umboðsmanns skuldara störfuðu 17 starfsmenn í 16,6 stöðugildum í desember, að auki var einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

Greiðsluaðlögun einstaklinga

Umboðsmanni skuldara hafa nú borist 7.555 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga frá stofnun embættisins. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun einstaklinga en fjöldi umsókna segir til um. Í desember bárust 18 umsóknir um greiðsluaðlögun.

Umsóknir

Alls voru 117 umsóknir um greiðsluaðlögun í vinnslu innan embættisins þann 1. janúar, þar sem verið var að taka afstöðu til þess hvort samþykkja eigi umsókn eða ekki. Í desember voru 11 umsóknir samþykktar og 10 var synjað.



Umsjónarmenn


Þann 1. janúar 2019 voru 31 mál hjá umsjónarmönnum. Af þeim var eitt mál í vinnslu hjá umboðsmanni skuldara vegna ábendinga um að eitthvað hafi komið í ljós sem hindrað geti greiðsluaðlögun. 30 mál eru því í virkri vinnslu hjá þremur umsjónarmönnum.

Af þeim málum sem er lokið hjá umsjónarmönnum á árinu hefur náðst samningur í 80 málum. Sex málum hefur lokið með nauðasamningi og engum nauðasamningi hefur verið synjað á árinu en alls hafa 67 nauðasamningar verið staðfestir og 22 verið synjað staðfestingu.

Samningar

Þann 1. janúar höfðu 3.315 samningar komist á. Í 3.198 samningum er tímabili greiðsluaðlögunar lokið en 120 samningar eru nú virkir með tímabil greiðsluaðlögunar. Af þeim mun tímabili 79 samninga ljúka á árinu 2019, 39 á árinu 2020 en tímabili 2 samninga mun ljúka síðar. Í desember komust á fimm samningar.

Í þeim 80 samningum sem hafa tekið gildi árið 2018 er meðaleftirgjöf samningskrafna 70% og eru þeir að meðaltali til 14,5 mánaða. 24% samninga á þessu ári hafa ekkert tímabil greiðsluaðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf við gildistöku samnings. Meðaleftirgjöf samningskrafna í öllum samningum er 86%. Þá hefur 29,4% allra samninga ekkert tímabil greiðsluaðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf samningskrafna við gildistöku samnings. Að meðaltali eru allir samningar um greiðsluaðlögun til 14,6 mánaða.



Kæurur

715 kæurur hafa borist kærufnd/úrskurðarnefnd greiðsluaðlögunarmála vegna synjunar eða afturköllunar á heimild til greiðsluaðlögunarumleitana, ein tilkynning um kæru barst í desember. Vinnslu er lokið í 713 málum. Í 38 tilvikum var mál tekið upp að nýju hjá umboðsmanni skuldara. Í 86 tilvikum var fallið frá kæru eða kærufnd vísaði kæru frá. Í 500 málum hefur kærufnd staðfest ákvörðun UMS og í 89 málum hefur ákvörðun verið felld úr gildi. Tvö mál bíða ákvörðunar kærufndar.

Breytingarmál

687 beiðnir eða kröfur um breytingu á samningi hafa borist umboðsmanni skuldara, ýmist frá skuldara eða kröfuhafa. Ein beiðni um breytingu barst í desember. Breyting hefur verið samþykkt í 458 málum og synjað í 106 málum. Í desember var ein beiðni samþykkt og engri beiðni var synjað, engin beiðni var afturkölluð, ein beiðni um breytingu er í vinnslu.

Málalok


620 umsóknir hafa borist um afmáningu veðréttinda í kjölfar greiðsluaðlögunar en í flestum samningum er kveðið á um eftirgjöf í kjölfar afmáningar. Sýslumaður hefur samþykkt afmáningu í 318 umsóknum og synjað afmáningu í 53 umsóknum. 93 umsóknir hafa verið felldar niður. 152 umsækjendur hafa afturkallað beiðni um afmáningu. Tvær umsóknir eru í vinnslu og tvær umsóknir bíða afgreiðslu sýslumanns.

217 umsóknir hafa borist um aðstoð við endurskipulagningu skulda við lok greiðsluaðlögunar, þar sem ekki hefur samist um 100% eftirgjöf samningskrafna. Öllum málum er lokið. Úrræðinu hefur verið breytt og eru beiðnir um endurskipulagningu teknar inn í ráðgjöf.

Ráðgjöf

Frá árinu 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 7.635 umsóknir um ráðgjöf, þar sem leitað er vægari úrræða en greiðsluaðlögunar. Eftir að gert er greiðsluerfiðleikamat fyrir umsækjanda er leitað fyrir umsækjanda að draga tímabundið úr mánaðarlegri greiðslubyrði til að ná framtíðar jafnvægi á milli tekna og skulda. Ef vægari úrræði duga ekki er mælt með öðrum úrræðum.

Nú eru 132 ráðgjafarmál til vinnslu hjá embættinu. 45 umsóknir bárust í desember. Vinnslu 51 ráðgjafarmáls var lokið í mánuðinum.



Erindi

Eitt hlutverk umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara þegar við á og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds.

Frá 1. ágúst 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 3.876 erindi, þar af var ekkert erindi stofnuð í desember.


Fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar

1526 umsóknir hafa borist um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar. Í desember bárust 5 umsóknir.

Í desember voru 12 ákvarðanir teknar um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar, þar sem fjórar umsóknir voru samþykktar, fjórum var synjað og fjórar umsóknir felldar niður.

Alls hafa 491 umsóknir verið samþykktar og 545 synjað. Ein beiðni um greiðslu til dómstóla barst í desember vegna skiptakostnaðar. Ekki hefur verið óskað eftir greiðslu vegna 66 samþykktra umsókna.

14 synjanir hafa verið kærðar til Velferðarráðuneytis. Í fjórum málum hefur UMS tekið mál aftur til vinnslu áður en niðurstaða kæru lá fyrir og í tveimur málum var fallið frá kæru. Í sex málum hefur ákvörðun verið staðfest og í tveimur málum hefur ákvörðun UMS verið felld úr gildi. Engin kæra er í vinnslu.



Fræðsla og kynning

Í desember 2018 kom út ársskýrsla embættisins fyrir árið 2017. Í skýrslunni er starfsemi embættisins gerð góð skil og sérstök áhersla lögð á að varpa ljósi á þann hóp sem til embættisins leitaði á árinu 2017. Sá hópur sem hefur verið mest fjölgun í hjá embættinu eru einstaklingar á aldrinum 18-29 ára. Sérstök áhersla var því lögð á að greina þann hóp.

Árið 2017 fór embættið af stað með fræðsluverkefni, þar sem áhersla var lögð á að efla samstarf við stofnanir og samtök sem eiga í samskiptum við einstaklinga sem kunna að eiga í fjárhagserfiðleikum. Verkefnið hefur gefist vel og er því gerð góð skil í skýrslunni.

Embættið vinnur áfram að frekara fræðsluefni sem gefið verður út sem og efni fyrir nýja vefsíðu embættisins. Á nýrri vefsíðu verður auk gagnlegra upplýsinga um þjónustu og úrræði embættisins lögð aukin áhersla á fræðslu um fjármál einstaklinga.